

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 4. mars 1993****um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna****(93/188/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Þar eð undirbúningsvinna vegna uppsetningar Animo-tölvukerfisins í aðildarríkjunum er langt á veg komin skal ákveða sameiginlega þann dag þegar rekstur kerfisins á að hefjast. Taka skal tillit til þeirrar dagsetningar í ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE ⁽³⁾ um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna.

Nauðsynlegt er að tilgreina ákveðna þætti sem eiga að koma fram í samningnum milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 92/486/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrsta undirliðar 2. gr. komi:

„— gildi í þrjú ár frá og með 1. apríl 1993,“.

2. Við 2. gr. bætist eftirfarandi undirliður:

„— innihaldi ákvæði um uppfærslu, vernd og aðgang að gögnum, ábyrgð og greiðsluáætlun.“

3. Í 4. gr. komi dagsetningin „1. apríl 1994“ í stað „1. júlí 1993“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. mars 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 291, 7. 10. 1992, bls. 20.